



Stjórnarfundur STEFs 26. ágúst 2024 / Fundargerð - útdráttur

Stjórnarfundur var haldinn miðvikudaginn 26. ágúst 2024 að Laufásvegi 40 kl. 10:00.

Fundarmenn: Páll Ragnar Pálsson, Hallur Ingólfsson, Hildur Kristín Stefánsdóttir, Sóley Stefánsdóttir og Magnús Jóhann Ragnarsson. Sóley Stefánsdóttir, Halldór Smárason og Bragi Valdimar Skúlason. Auk þeirra sat fundinn Guðrún Björk Bjarnadóttir, framkvæmdastjóri.

Gengið var til dagskrár.

1. Fundargerð stjórnarfundar frá 19. júní og útdráttur lagt fram og samþykkt.
2. Lit yfir starfsemina frá síðasta stjórnarfundi lagt fram. Lögð voru fram eftirfarandi skjöl undir þessum lið:
 - a) Tekjur af streymisveitum – Sundurgreining eftir svæðum
 - b) Yfirlit tekna fyrri hluta árs 2024

Undir þessum lið var staða tónleikahaldara sérstaklega rædd.

Undir þessum lið var enn fremur samþykkt að 200.000 kr. verkefnastyrkur til þátttakenda í mentorþrógrammi yrði greiddur af STEFi ef ekki fást nýir styrktaraðilar.

3. Nýr sölu- og markaðsstjóri STEFs, Árni Sigurgeirsson, kom sem gestur á fundinn og kynnti sig.
4. Vistun eldri skjala á Þjóðskjalasafni. Lögð fram kostnaðaráætlun.

Stjórn telur mikilvægt að tryggja örugga varðveislu þessara gagna og samþykkir þennan kostnað. Reynt verður að lækka þennan kostnað með forvinnu eins og hægt er.

5. Breyting á verðskrá trú- og lífsskoðunarfélaga.

Í ljósi samningaviðræðna við Fríkirkjuna í Hafnarfirði og Fríkirkjuna í Reykjavík, sem vilja innheimta sérstaklega af tilteknum athöfnum á þeirra vegum, er nauðsynlegt að gera smávægilegar breytingar á verðskrá trú- og lífsskoðunarfélaga. Framlögð tillaga um breytingar var samþykkt.

6. Frumflutningur – Verklag – Frh. frá síðasta fundi.

Lagt fram að nýju minnisblað um breytingu verklags, svo og ýmis tölfraði tengd úthlutun frumflutningsálags. Nokkrar umræður urðu um málið. Fyrir utan þær breytingar á verklagi varðandi greiðslur STEFs vegna frumflutnings var enn fremur samþykkt breyting er varðar fjölda verka hvers einstaklings er getur fengið úthlutað vegna frumflutnings á ári hverju. Sérstakt tillit verður tekið til kvíkmyndaverka þ.s. í einni kvíkmynd geta verið fjöldamargir verkhlutar sem skráðir eru hver og einn eins og um nýtt verk sé að ræða.



7. Þjónustukönnun STEFs 2024.

Lagðar fram tillögur að spurningum könnunarinnar, auk skjals sem sýnir breytingar á spurningum milli ára. Samþykkt var að leggja fyrir könnunina sem að þessu sinni leggur áherslu á að spyrja um viðhorf til gervigreindar, auk þess sem að lagt var til að spyrja sérstaklega út í upplifun meðlima af tónleikamarkaðnum.

8. Stefna STEFs um fæðingarorlof starfsfólks o.fl.

Lögð voru fram drög að stefnu og var hún samþykkt. Stefnan verður kynnt starfsfólk(STEFs).

9. Stefna STEFs gegn mútum og spillingu.

Lögð voru fram drög að stefnu og var hún samþykkt. Stefnan verður kynnt starfsfólk(STEFs) og hún birt á heimasíðu.

10. Sjálfsmat stjórnar STEFs 2023-2024, kynning á niðurstöðum.

11. Önnur mál.

Rætt var um að hefja undirbúning að stefnumótun stjórnar.

Ekki voru fleiri mál fram borin. Fundi var slitið kl. 12:45.

STEF – THE COMPOSERS' RIGHTS SOCIETY OF ICELAND

Laufásvegur 40 / 101 Reykjavík / Iceland

Tel.: +354 561 6173